

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur um fjölda lögreglumanna.

1. *Hversu margir hafa útskrifast sem lögreglumenn frá árinu 2000?*

Alls hafa 575 manns útskrifast sem lögreglumenn frá árinu 2000, þar af 488 frá Lögreglu-
skóla ríkisins og 87 frá Háskólanum á Akureyri.

2. *Hversu margir þeirra sem hafa útskrifast sem lögreglumenn frá árinu 2000 starfa enn
sem lögreglumenn?*

Alls eru 416 af 575 starfandi á árinu 2020 og er hlutfall þeirra sem eru við störf því 72,3%.
Upplýsingarnar voru fengnar frá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu, Háskólanum á
Akureyri og Fjársýslu ríkisins.